



Pelican gengur aftur

Það kann að hafa virst góð hugmynd á pappírnum að endurvekja hljómsveitina Pelican og rúlla upp nokkrum böllum í sumar. Ekki gæti skemmt fyrir að Pétur Kristjánsson átti eftirminnilegt „comeback“ sem söngvari með Sálinni fyrir jól og að í sveitina var genginn Guðmundur Jónsson, helsti popplagasmiður landsins. Þegar haustar sjá þeir sem vilja að fléttan gekk ekki upp; Pelican átti erfiða daga á sveitaböllum þrátt fyrir góða frammistöðu á þeim böllum sem gengu upp, og plata sveitarinnar, sem hér verður gerð að umtalsefni, er, satt best að segja, steindauð.

Á plötunni Pelican, sem kom út í sumar, ber lítið á spennandi uppákomum, enda er hinn gullni meðalvegur þræddur af ísprótt þar sem Guðmundur Jónsson sér um lungann af lagasmíðum. Sumir hafa viljað halda því fram að á plötunni séu afgangslög Guðmundar frá Salar-

dögum hans, en því er öðru nær, því mörg laganna eru lipurlega samín. Hver sér það þó í hendi sér að ólíku er saman að jafna hljómsveit sem hefur þrælað saman í marga mánuði, eða tónlistarmenn, þótt góðir séu, sem kallaðir eru saman til að henda upp plötu og spila út sumarið.

Eins og áður segir hefur Pelicanplatan selst langt undir væntingum manna, sem er nokkur synd, því hún er illskárri en margt sem selst hefur betur. Til að mynda eru lög eins og Ástin er, Á ystu nöf, og Sofa í minn haus í góðu meðallagi og Í vígahug er þokkalegt þó það detti niður eftir skarpa byrjun. Gaman hefði aftur á móti verið að fá fleiri „Pelicanlög“, eins og Beggja hagur eftir Ásgeir Óskarsson og Engum líkur og Ég var ekki ég eftir Björgvin Gíslason, sem eru um margt dæmigerð fyrir Pelican fyrri ára.